



NEYTENDASTOFA

Tæknilegur sérfræðingur á Neytendastofu

Neytendastofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling til starfa á Mælifræðisviði stofnunarinnar. Um er að ræða faglega krefjandi starf þar sem m.a. reynir á tæknikunnáttu er varðar kvarðanir mælitækja, gerð kvörðunarvottorða og rekjanleika. Um er að ræða margvísleg áhugaverð verkefni er varða mælifræði, s.s. kvarðanir á prófunarstofu Neytendastofu og á vettvangi hjá innlendum fyrirtækjum og eftirlit með notkun mælitækja hér á landi. Um framtíðarstarf er að ræða og starfshlutfall er 100%.

Helstu verkefni eru:

- Kvörðun, viðhald og umsjón mæligrunna Neytendastofu
- Umsjón og viðhald tækjaskrár kvörðunarþjónustu Neytendastofu
- Móttaka mælitækja viðskiptavina, kvarðanir tækjanna og frágangur
- Þátttaka í mótun og viðhaldi á gæðastjórnunarkerfi fyrir kvarðanir
- Þátttaka í samstarfi um þróun reglna sem gilda um mælifræði og mælifræðilegt eftirlit

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tækni- eða raungreina, s.s tæknifræði, verkfræði, eðlisfræði, eða sambærilegum greinum
- Góð íslensku- og enskukunnátta er krafa og færni í einu Norðurlandamáli æskileg
- Almenn þekking og reynsla á meðferð og prófun mælitækja æskileg
- Frumkvæði og nákvæmni
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Viðsýni, jákvæðni, leiðtogaþæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum Fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag. Vakinn er athygli á ákvæðum laga nr 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir skal fylla út á heimasíðu Neytendastofu www.neytendastofa.is eða www.starfatorg.is

Umsóknarfrestur er til og með föstudags **7. júlí 2017**. Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Árnason, sviðsstjóri Mælifræðisviðs, Benedikt G. Waage, sérfræðingur í kvörðunum og Tryggvi Axelsson, forstjóri í s. 510 1100. Netföng eru á heimasíðu Neytendastofu.